

Ed.

230. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir og hv. efri deild hefir fengið oss til athugunar, er framkomið að ráði og tilhlutun landssímastjórans og jafnframt eftir ósk hjeraða þeirra, er hlut eiga að máli, enda eru breytingar þær, sem frumvarpið fer fram á í raun og veru sjálfsgðar, en ákvæði nógildandi laga því til fyrirstöðu að þær verði framkvæmdar, og úr því á frumvarp þetta að bæta.

Breytingarnar eru tvær, önnur á Austfjörðum, hin á Reykjanesskaga.

Hin fyrri breyting er fólgin í því, að í stað þess að eftir ákvæði laganna ætti að leggja línu í framhaldi frá Hjaltastað út á Unaós og þaðan suður til Borgarfjarðar, þá sje Unaós slept úr, þar sem engin þörf er á síma, og línan lögð frá Hjaltastað til Borgarfjarðar, og er það ein hlið í þríhyrningi í staðinn fyrir 2 ella og því mun styttri, enda áætlaður kostnaður 5800 kr. minni, en aftur sje lögð aukalína frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar, sem er 10 rasta leið og kostnaður áætlaður 7000 kr., svo að allur kostnaðarauki við þessa breyting er þá 1200 kr., sem má hverfandi teljast, þar sem í hlut á heil sveit með allmiklum framtíðarmöguleikum, er hefir mikla þörf símans.

Hin önnur breyting er fólgin í því, að eftir gildandi ákvæðum á að halda áfram línunni, sem komin er frá Hafnarfirði suður í Garð, þaðan suður Miðnes og Hafnir út á Reykjanès og þaðan til Grindavíkur, sem er löng leið kringum allan Reykjanesskaga. Í stað þess er nú hugað að línan til Grindavíkur sje lögð á staurana sem nú eru suður með sjó suður á Vogastapa og þaðan beint til Grindavíkur á nýja staura, og línan til Hafna lögð frá Keflavík inn í Njarðvík á eldri staura og þaðan á nýja staura stystu leið í Hafnir. Þessar tvær línur verða mun styttri samanlagðar, heldur en hin kringum Reykjanès og kostnaður fyrir það að því skapi minni og einnig fyrir það, að nú er verið að leggja veg af Vogastapa til Grindavíkur, sem línan á að liggja meðfram, og sem gera mun töluverðum mun ljettari og ódýrari flutning á staurunum.

Að þessu athuguðu þykir oss sjálfsagt að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 4. ág. 1915.

Björn Þorláksson
formaður.

Kristinn Daníelsson
skrifari og framsm.

Eiríkur Briem.